



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/17/0398

28. febrúar 2017

Tilvísun: 2017030002/08.01.00

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, þskj. 126, 69. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá velferðarnefnd Alþingis, 8. febrúar 2017, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, þingskjal 126, 69. mál. Af því tilefni er velferðarnefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

**u m s ö g n:**

Tillagan felur í sér þá ályktun að fela félags- og jafnréttismálaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að semja lagafrumvarp um keðjuábyrgð verkkaupa og aðalverktaka með það að markmiði að lögleiða keðjuábyrgð á verktakamarkaði. Starf hópsins skuli miða að því að verkkaupar og aðalverktakar beri fjárhagslega ábyrgð á vanefndum undirverktaka m.a. á greiðslu opinberra gjalda.

Reynsla skattrannsóknarstjóra sýnir að verktakar hafa í vaxandi mæli gert ráðstafanir til að komast hjá lögbundnum skattgreiðslum til hins opinbera með því að leitast við að koma ábyrgð á greiðslum skatta yfir á undirverktaka sína. Oft er um keðju undirverktaka að ræða þar sem ábyrgð á skattgreiðslum er færð niður með keðjunni með þeim afleiðingum að skil á skattgreiðslum verða í reynd engar eða takmarkaðar. Á tíðum tengjast þessari háttsemi annars konar brot, s.s. greiðsla svartra launa og útgáfa tilhæfalausra reikninga. Virðist margt benda til að þetta sé nú gert með skýrari ásetningi en áður hefur sést. Á tíðum er um verulega háar undandregnar fjárhæðir að ræða.

Skattrannsóknarstjóri telur þörf á að taka það til athugunar hvort ástæða sé til að taka upp reglur um keðjuábyrgð til að sporna gegn skattsvikum og öðrum brotum því tengdu. Er skattrannsóknarstjóri tilbúinn til að tilnefna fulltrúa í nefndan starfshóp verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt

Bryndís Kristjánsdóttir  
skattrannsóknarstjóri